

5. apríl 2024

Mál nr. 1/2024

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ

Jóhann R. Skúlason

gegn

Landssambandi hestamannafélaga

Með bréfi dagsettu 21. febrúar sl. krafðist áfrýjandi, Jóhann R. Skúlason þess að úrskurður dómstóls ÍSÍ í mál nr. 7/2023, sem kveðinn var upp 15. febrúar 2024 yrði hrundið og þess krafist að felld yrði úr gildi ákvörðun stjórnar Landssambands hestamannafélaga og landsliðsnefndar sambandsins að víkja áfrýjanda úr landsliðshópi Íslands í hestaiþróttum. Þá var krafist málskostnaðar. Áf hálfu stefnda, Landssambandi hestamannafélaga var þess krafist að úrskurður dómstóls ÍSÍ yrði staðfestur auk málskostnaðar.

Málið var dómtekið 22. mars sl. eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sinum.

I

Í domi Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í mál nr. 2/2023 var rakið að áfrýjandi hafi með bréfi dagsettu 23. maí 2023 krafist þess að ákvörðun um að víkja áfrýjanda úr landsliðshópi í hestaiþróttum yrði þegar asturkölluð. Í bréfi stefnda frá 16. júní 2023 er visað til þess að áfrýjandi hafi óskað eftir því að stefndi endurskoði ákvörðun sína um að víkja áfrýjanda úr landsliðshópnum.

Í dóminum var hvorki talið að áfrýjandi hefði getað haldið að sér höndum í 17 mánuði frá því að hann fíkk vitnesku um ákvörðunina né að sérstakar ástæður væru til þess að veita leyfi til að hófða mál eftir að kærufrestur væri liðinn. Hins vegar var talið að það kæmi ekki í veg fyrir að áfrýjandi freistaði þess að fá stjórn stefnda til þess að fella ákvörðunina úr gildi á síðari stigum. Áfrýjandi óskaði eftir endurskoðun á ákvörðun stefnda með bréfi dags, 23. maí 2023 sem stefndi hafnaði með bréfi dags, 16. júní 2023. Kaera sem barst dómstólnum þann 23. júní 2023 var því móttokin innan tilskilins frests. Féllst dómstólinn þannig á að áfrýjandi gæti fengið efnislega meðferð um hvort ástæða væri til að fella ákvörðun stjórnar stefnda úr gildi. Þá var talið að hann hefði lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu um það hvort hann væri fyrirfram útilokaður frá þáttöku í landsliðshópi Íslands í hestaiþróttum.

Það er ekki hlutverk dómstóla íþróttasambandsins að velja þátttakendur í landsliðsverkefni í cinstökum greinum. Það verður jafnframta að fallast á það að þeim sem er falið að velja þátttakendur hafi verulegt svigrúm til þess og séu almennt ekki bundnir að málsméðferðarreglum stjórnsýsluréttarins. Svigrúm þeirra er þó ekki ótakmarkað. Þannig geta þeir ekki ákveðið að sniðganga einstaka leikmenn t.d. út frá kynhneigð, stjórmálaskoðunum eða litarhaetti, sbr. einnig

grein 4.1. í lögum ÍSÍ. Þegar ákvæðið er að útiloka keppendur frá þáttöku í keppnum innan íþróttahreyfingarinnar verður að gera þær kröfur að slikar ákvardanir styðjist við skýr ákvæði í lögum viðkomandi sérsambanda sem gangi hvorki í berhögg við lög og reglur ÍSÍ né hlutaðeigandi íþróttabandalags og hafi hlotið staðfestingu þeirra, sbr. d. lið i grein 5.2. í lögum ÍSÍ.

Fallast verður á það með dómstól ÍSÍ að ákvæði í 5. gr. a) í lögum ÍSÍ sbr. og 16. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 svo og ákvæði A1.6 í almennum reglum kærða um keppni, sbr. ákvæði GI.6. í reglum FEIF, séu ekki nægjanlega skýr til þess að útiloka áfrýjanda fyrirfram varanlega frá þáttöku í landsliðshópi í hestaþróttum. Þessi ákvæði lúta að svíptingu réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar en verða ekki skilin með þeim hætti að þau taki til knapa frekar en annarra íþróttaiðkenda.

Hins vegar er ekki fallist á með dómstól ÍSÍ að sérsambönd geti ákvæðið með visan til greinar 38.2. í lögum ÍSÍ, að viðkomandi skuli sæta varanlegri brottvikningu hljóti hann dóm vegna ólbeldis eða kynferðisbrots. Ákvörðun um að útiloka áfrýjanda frá þáttöku á grundvelli 38.2 gr. laga ÍSÍ er einvörðungu í höndum dómstóla ÍSÍ, þar sem fylgt er málsmeðferðarreglum dómstólsins. Krafa um að áfrýjandi verði útilokaður frá þáttöku í landsliðverkefnum hefur ekki komið inn á borð dómstóla ÍSÍ. Verður ákvörðun stefnda ekki skilin á annan veg en að stefndi hafi ákvæðið á grundvelli þeirra lagahemilda sem gilda innan sérsambandsins að útiloka áfrýjanda frá keppni án tilgreiningar á tímalengd útilokunar. Ekki eru fyrir hendi lagahemildir fyrir slikri ákvörðun.

Að því gættu verður fallist á kröfu áfrýjanda um að umþrætt ákvörðun verði felld úr gildi. Í þeiri niðurstöðu felst hvorki að áfrýjandi hafi átt rétt að sæti í landsliðshópi Íslands í hestaþróttum á þeim tíma sem umþrætt ákvörðun var tekin, né heldur að hann eigi slikan rétt til framtíðar, enda er val á þeim hópi háð ákvörðun viðeigandi aðila hverju sinni, heldur eingöngu að ekki hafi verið lagagrundvöllur til töku ákvörðunar sem ber með sér að vera ótímabundin um að útiloka áfrýjanda til framtíðar fyrirfram frá því að eiga möguleika á að vera valinn.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómur

Ákvörðun stjórnar Landssambands Hestamannaflaga og landsliðsnefndar sambandsins um að vikja áfrýjanda úr landsliðshópi Íslands í hestaþróttum er felld úr gildi.. Málskostnaður verður ekki dæmdur.

W.G. Engström
Útakurinn er valinn
Sofja Melinda Óttarsdóttir